

# Netfréttir, júní- júlí

## Blaðgreinar

Í byrjun júní voru birtar tvær blaðgreinar í tilefni afmælisárins, í Morgunblaðinu var birt blaða grein eftir dr. Gunnlaug A. Jónsson og í Fréttablaðinu var birt grein eftir Svönu Helen Björnsdóttur.

## Afmælisrit frá 1965

Á 150 ára afmæli Hins íslenska biblíufélags, 1965, var gefið út afmælisrit. Ólafur Ólafsson var ritstjóri ritsins, safnaði efni til birtingar en skrifaði einnig mikið sjálfur. Forseti félagsins á þessum tíma var herra Sigurbjörn Einarsson, biskup, og kom hann einnig að verkinu ásamt sr. Óskari J. Þorlákssyni, sem þá var féhirðir félagsins.

Í afmælisritinu er sagt frá Ebenezer Henderson og stofnun Hins íslenska biblíufélags og saga félagsins rakin í stuttu máli. Sigurbjörn Einarsson skrifaði greinar um lestur Biblíunnar og markmið hennar. Í ritinu er einnig fjallað stuttlega um Gídeonfélagið.

Nú á 200 ára afmæli félagsins er komin út stafræn útgáfa af 150 ára afmælisritinu og það er ánægjulegt að nú sé hægt að lesa ritið í heild sinni.

Sjá á [http://baekur.is/is/bok/000174433/Hid\\_islenska\\_Bibliufelag](http://baekur.is/is/bok/000174433/Hid_islenska_Bibliufelag)

## Biblíusýning

Margt fólk lagði leið sína á Þjóðminjasafnið föstudaginn 3. júlí þegar opnuð var sýning á 3. hæð safnsins í tilefni af 200 ára afmæli Hins íslenska biblíufélags. Bryndís Sverrisdóttir sviðsstjóri miðlunarsviðs Þjóðminjasafns bauð gesti velkomna og kynnti efni sýningarinnar sem samanstendur af ýmsum Biblíuútgáfum í eigu Þjóðminjasafnsins, Biblíufélagsins og Gídeonfélagsins. Einnig flutti Ragnhildur Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri HÍB ávarp og Helga Vilborg Sigurjónsdóttir söng eign lög með textum úr Biblíunni en Henning Emil Magnússon lék undir á gítar. Vigdís Pálsdóttir, ljósmyndari, tók myndir.

## Blaðgreinar í júlí

Í Morgunblaðinu birtist grein eftir Dögg Harðardóttur, varaforseta Biblíufélagsins og í Fréttablaðinu birtist grein eftir Valgeir Ástráðsson.

## **Afmælishátíð 10. Júlí**

Hátíðarguðspjónusta var haldin í Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 10. júlí kl. 16 á afmælisdegi félagsins. Guðspjónustan var öllum opin og kirkjan fylltist af fólki sem fagnaði saman 200 ára afmælinu. Hátíðarguðspjónustan var með sama sniði og árið 1815. Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, prédikaði, séra Sveinn Valgeirsson dómkirkjuprestur þjónaði fyrir altari. Þau Sigrún Ásgeirsdóttir og Ólafur Egilsson lásu ritningarlestur en lesið var upp úr Hendersonbilíunni frá 1813 og úr nýjustu útgáfunni 2007. Við guðspjónustuna sungu félagar úr Dómkórnum undir stjórn Kára Þormar organista.

Að lokinni guðspjónustu var gengið í fylkingu að minnisvarða í Fógetagarðinum, gamla Víkurkirkjugarði og þar var lagður blómsveigur til heiðurs Geirs Vídalín, biskups Íslands árið 1815 og fyrsta forseta félagsins. Þar flutti dr. Gunnlagur A. Jónsson stutt ávarp. Síðan var gengið að Aðalstræti 10 þar sem afhjúpaður var skjöldur á húsinu sem er nú í eigu Minjaverndar. Stjórnarformaður Minjaverndar, Þröstur Ólafsson, flutti stutt ávarp. Eftir þetta var móttaka í biskupsgarði.

Á sama tíma var lagður blómsveigur að leiði Ebenezers Henderson í London en það var fulltrúi íslenska sendiráðsins í London sem flutti stutt ávarp.